

**Nd.** **135. Frumvarp til laga** **[95. mál]**

um breyting á lögum nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Eftir 3. umr. í Ed., 2. des.)

**1. gr.**

a-liður 1. gr. orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 65 000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út fjóra flokka hlutamiða, E, F, G og H flokk, sem tengjast við númer þau, sem heimilt er að gefa út samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 25 23. apríl 1969.